

Stefna Landsbréfa um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

1. gr.

Gildissvið og markmið

Landsbréf leggja mikla áherslu á að fara í einu og öllu eftir kröfum laga um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og stuðla að samvinnu Landsbréfa, Landsbankans, yfirvalda og eftirlitsaðila þegar það á við í þessum efnunum. Það er markmið Landsbréfa að varnir félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sé á hverjum tíma í samræmi við það sem best þekkest hjá fjármálafrirtækjum á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Það er stefna Landsbréfa að takmarka áhættu eins og kostur er þegar kemur að peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Liður í því er að stunda ekki viðskipti við aðila sem teljast áhættusamir eða tengjast slíkum aðilum, svo sem tengdir lögaðilar eða einstaklingar, (t.d. stjórn eða raunverulegir eigendur), þegar litið er til áhættunnar á peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og sviksemi, samkvæmt áhættumati Landsbréfa.

Stefna Landsbréfa er samin með hliðsjón af stefnu Landsbankans hf., móðurfélags Landsbréfa, um sama efni og er í grundvallaratriðum efnislega samhljóða stefnu móðurfélagsins.

2. gr.

Stjórnskipulag aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka

Landsbréf viðhafa árangursríkar skipulagslegar- og stjórnunarlegar ráðstafanir til að draga úr og stýra áhættu sem stafar af peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka m.a. í formi verklagsreglna og verkferla sem endurskoða skal reglulega.

Verkferlar sem settir eru á grundvelli stefnu um þessarar og sambærilegrar stefnu Landsbankans sem sinnir mikilvægum framlínuverkefnum fyrir Landsbréf á grundvelli útvistunarsamninga skulu að lágmarki innihalda ákvæði um framkvæmd áreiðanleikakannana, framkvæmd áhættumats, eftirlit með viðskiptasamböndum, viðvarandi eftirlit, eftirlit með viðskiptaþvingunum, tilkynningarskyldu á grunsamlegri háttsemi viðskiptavina og ráðstafanir henni tengdri, kröfur vegna ráðningar starfsfólks og ákvæði um þjálfun starfsfólks.

Það er á ábyrgð framkvæmdastjóra að tryggja virkni ráðstafana til að takmarka hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, svo sem með að sjá til þess að framkvæmt sé reglulegt mat á því hvort til staðar sé fullnægjandi eftirlitskerfi og að verkferlar séu til staðar svo starfsfólk geti sinnt eftirliti eins og lög gera ráð fyrir.

Aðferðir við að draga úr hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi Landsbréfa eru byggðar upp með sama hætti og annað eftirlit í starfsemi félagsins. Starfsfólk í framlínu er flokkað sem fyrsta varnarlína og snýr sú varnarlína fyrst og fremst að daglegum rekstri. Það er á ábyrgð fyrstu varnarlínu að meta og upplýsa um áhættu sem starfsfólk verður vart við. Starfsfólk skal samkvæmt verferlum tilkynna öll grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti til regluvörslu. Önnur varnarlína, þ.e. regluvarsla og áhættustýring, þróar og viðheldur virkum

kerfum innra eftirlits til að tryggja meðal annars fullnægjandi áhættustýringu, gæði upplýsinga og að farið sé að lögum og innri stefnu, reglum og verkferlum sem félagið setur. Innri endurskoðun er síðan þriðja varnarlína sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu og hversu vel þær sinna sínu hlutverki.

Heimilt er að útvista hluta af aðgerðum Landsbréfa gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka ef fyrir liggur heimild samkvæmt lögum enda auki það ekki áhættu eða komi niður á vörnum félagsins.

Landsbréf hafa tilnefnt aðila úr hópi stjórnenda sem sérstakan ábyrgðarmann sem skal að jafnaði annast tilkynningar til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu, með þeim hætti sem hún ákveður, um grunsamleg viðskipti og fjármuni sem grunur leikur á að rekja megi til refsiverðrar háttsemi. Ábyrgðarmaður skal bregðast við fyrirspurnum skrifstofu fjármálagreininga lögreglu um viðbótarupplýsingar sem tengjast tilkynningum og veita allar nauðsynlegar upplýsingar sem hún óskar eftir í tengslum við tilkynningar. Þá skal ábyrgðarmaður gera skriflegar skýrslur um öll grunsamleg og óvenjuleg viðskipti sem eiga sér stað í starfsemi Landsbréfa.

Ábyrgðarmaður skal hafa skilyrðislausan aðgang að áreiðanleikakönnun viðskiptamanna, viðskiptum eða beiðnum um viðskipti ásamt öllum þeim gögnum sem geta skipt máli vegna tilkynninga.

3. gr.

Áreiðanleikakönnun, reglubundið og viðvarandi eftirlit með viðskiptavinum

Framkvæma skal áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum við upphaf viðvarandi viðskiptasambands, áður en einstök viðskipti eiga sér stað og sem hluta af viðvarandi eftirliti með viðskiptasamböndum. Þá er framkvæmd aukin áreiðanleikakönnun í samræmi við lög og áhættumat Landsbréfa m.a. eftirfarandi tilvikum:

- viðskiptavinur er staðsettur í áhættusömu eða ósamvinnuþýðu ríki;
- vegna viðskipta við aðra tilkynningarskylda aðila frá löndum utan aðildarríkja EES;
- þegar um er að ræða viðskiptavini eða raunverulega eigendur lögaðila sem eru í áhættuhópi vegna stjórnmalalegra tengsla og
- í öðrum tilvikum þar sem áhættumat gefur til kynna aukna áhættu.

Framkvæma skal reglubundið viðvarandi eftirlit með viðskiptavinum félagsins. Tíðni uppfærslu á upplýsingum um viðskiptavini skal byggjast á áhættuskori viðskiptavinar en krafa er gerð um að viðskiptavinir uppfæri upplýsingar um sig á eins til þriggja ára fresti.

Landsbréf hafa reglubundið eftirlit með einstaklingum og lögaðilum á alþjóðlegum válistum og listum yfir þvingunaraðgerðir. Í samstarfi við Landsbankann er haft sérstakt eftirlit með erlendum greiðslum til og frá Íslandi bæði vegna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og vegna aukinnar hættu á sviksemi tengdum erlendum greiðslum. Þá er og haft eftirlit með þeim þvingunaraðgerðum sem Ísland framfylgir á heimsvísu til að tryggja að starfsemi Landsbréfa sé í samræmi við þær aðgerðir.

4. gr.

Áhættumat og áhættuvilji

Framkvæmt skal áhættumat á vöruframboði félagsins, þeirri þjónustu sem boðið er upp á og á viðskiptavinum félagsins og skal það mat uppfært árlega. Áhættumatið tekur m.a. mið af áhættuþáttum sem tengjast tegundum vara, þjónustu, viðskiptavinum, viðskiptalöndum og dreifileiðum. Áhættumatinu er ætlað að greina hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi aðilans.

Landsbréf framkvæma aukna áreiðanleikakönnun í viðskiptum sínum við áhættusama aðila og er með aukið eftirlit með slíkum viðskiptasamböndum og/eða takmarkar þá þjónustu sem er í boði fyrir viðkomandi viðskiptavini.

Landsbréf stofna ekki til viðskipta eða heldur áfram viðskiptum við:

- aðila sem lúta alþjóðlegum þvingunaraðgerðum. Landsbréf skulu hlíta þeim takmörkun sem má finna á á válistum t.a.m. á listum útgefnum af Sameinuðu þjóðunum, Evrópusambandinu, skrifstofu erlendra eigna (e. OFAC) og efnahagsbrotadeildar bandaríska ríkissjóðsins (e. FinCEN) og breska ríkissjóðnum (e. HMT);
- lönd sem eru á lista hjá FATF (e. Financial Action Task Force) yfir áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki sem þurfa að grípa til aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
- aðila sem grunur leikur á um að tengist skipulagðri glæpastarfsemi, s.s. fjárhættuspili, ólöglegri vopnasölu, meiriháttar fjármunabroti, ólöglegri framleiðslu eða dreifingu fíkniefna, ólögmætu klámi, vændi eða mansali;
- aðila sem stunda viðskipti með kjarnorkuvopn;
- aðila sem óska eftir nafnlausum viðskiptum;
- fjármálafyrirtæki eða sambærilega aðila án raunverulegrar starfsemi eða heimilisfesti (skelbankar) eða við önnur fjármálafyrirtæki sem heimila skelbanka að nota reikninga sína;
- aðila sem búa til sýndarfé (e. mining) eða bjóða upp á kaup og sölu á sýndarfé;
- aðila þar sem ómögulegt er að sannreyna áreiðanleika fyrirbyggjandi upplýsinga eða
- aðila sem af öðrum ástæðum en framan greinir er talin veruleg áhætta á peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.

Gæta skal sérstakrar varúðar í viðskiptum við:

- aðila frá ríkjum sem eru á lista FATF yfir lönd sem hafa komið sér upp aðgerðaráætlun í samstarfi við FATF í aðgerðum ríkisins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka;
- aðila sem ekki eru með beina tengingu við Ísland eða íslenska starfsemi;
- aðila sem hefur óvenju mikinn áhuga á framkvæmd áreiðanleikakönnunar og/eða vill ekki veita umbeðnar upplýsingar svo fullnægjandi áreiðanleikakönnun geti farið fram og
- aðila sem ekki reynist hægt að rekja eignarhald lögaðilans eða þar sem starfsemi eða skipulag er óvenjuleg eða verulaga torskilin.

5. gr.

Tilkynning um grunsamleg viðskipti

Regluvörður Landsbréfa rannsakar sjálfstætt öll viðskipti sem tilkynnt eru sem grunsamleg eða óeðlileg af öðrum starfsmönnum eða flagga í eftirlitskerfum Landsbréfa eða útivistunaraðila Landsbréfa. Viðskiptin eru rannsökuð og telji regluvarsla tilefni til er send tilkynning um grunsamleg viðskipti til skrifstofu fjármálagreininga lögreglunnar. Lagaákvæði um þagnarskyldu takmarka ekki skyldu Landsbréfa eða eftir atvikum útivistunaraðila til að veita upplýsingar og aðgang að gögnum svo unnt sé að sinna tilkynningarskyldu þessari.

6. gr.

Eftirlit með framkvæmd stefnunnar, þjálfun og brot á stefnunni

Ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefur eftirlit með framkvæmd stefnu þessarar og sér til þess að innleiddar séu verklagsreglur og verkferlar sem stuðli að samræmdum starfsaðferðum og góðri framkvæmd laga um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi Landsbréfa.

Landsbréf skulu sjá til þess að starfsfólk félagsins hljóti sérstaka þjálfun í aðgerðum félagsins gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og öðlist þannig viðeigandi þekkingu á þeim innri reglum og verkferlum sem gilda um þetta efni.

Brjóti starfsmaður gegn stefnu þessari eða öðrum reglum og verkferlum félagsins er lúta að aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, getur framkvæmdastjóri að fenginni umsögn regluvarðar veitt honum áminningu eða gripið til annarra viðurlaga í samræmi við eðli brotsins. Greint er frá broti starfsmannsins og eðli brotsins í skýrslu regluvarðar til stjórnar Landsbréfa.

7. gr.

Gildistaka

Stefna þessi var sett af stjórn Landsbréfa þann 5. október 2020 og öðlast þegar gildi og kemur hún í stað eldri reglna sem upphaflega voru settar 24. apríl 2017. Stefna þessi skal yfirfarin og endurskoðuð reglulega eftir því sem þörf er á og þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.